



## Tillaga til framhaldsaðalfundar Arion banka hf. sem haldinn verður þann 14. maí 2020

Framhaldsaðalfundur í Arion banka hf. verður haldinn rafrænt þann 14. maí 2020 og hefst hann kl. 16:00 að íslenskum tíma. Á fundarboðsdegi er farið með atkvæði fyrir 1.718.181.841 hluti.

### Dagskrá:

1. Ákvörðun um greiðslu arðs
2. Önnur mál

### Tillaga stjórnar sem liggur fyrir fundinum:

#### 1. Vegna dagskrárliðar 1 - Ákvörðun um greiðslu arðs

Stjórn bankans leggur til að enginn arður verði greiddur vegna ársins 2019 og að hagnaður ársins 2019 leggist við eigið fé bankans.

#### Greinargerð:

*Tillaga þessi er lögð fram vegna þess óvissuástands sem ríkir vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Seðlabanki Íslands og ríkisstjórnin hafa hvatt fyrirtæki til að endurskoða fyrirhugaðar arðgreiðslur vegna þessa en afgreiðslu fyrirhugaðrar arðgreiðslu var frestað á aðalfundi bankans þann 17. mars sl., að beiðni hluthafa. Arion banki sýnir samfélagsábyrgð í verki og hefur stjórn bankans því afturkallað fyrri tillögu um úthlutun arðs vegna ársins 2019 og leggur nú til að ekki verði greiddur út arður.*

*Jafnframt mun bankinn, á meðan áhrifa COVID-19 gætir, ekki gera ráð fyrir arðgreiðslum í því skyni að viðhalda eins sterkri eiginfjárstöðu og kostur er og auka útlánagetu. Eiginfjárstaða bankans er mjög sterk með 27,8% eiginfjárhlutfall og 16,3% vogunarhlutfall miðað við 1. janúar 2020 (eftir AT1 útgáfu), töluvert umfram lágmarkskröfur.*